



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2024

BLÓM4BD02
Blómaskreytingar bóklegt IV

Kennarar:	Bryndís Eir Þorsteinsdóttir og Valgerður Jóndís Guðjónsdóttir
-----------	---

Áfangalýsing: Lýsing

Nemendur læra áfram um þau viðfangsefni sem fjallað var um á fyrri önnum og þekking þeirra dýpkuð. Farið er enn frekar í mismunandi útfærslur blómvanda og skreytinga. Fjallað er um helstu gerðir útfararskreytinga og brúðarskreytinga og útfærslur þeirra, reglur og rétt handbrögð. Nemendur læra um skreytingar í kirkjum og sölum s.s. gólfskreytingar, veggskreytingar, púltskreytingar og sviðsskreytingar. Haldið er áfram að þjálfá nemendur í markvissri vinnu út frá teikningum, sjálfstæðum og vönduðum vinnubrögðum og eigin sköpun.

Undanfari: BLÓM3BC02 (Blómaskreytingar III bóklegt), BLÓM3VC11 (Blómaskreytingar III verklegt)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Tækni við hönnun og gerð flestra tegunda blómaskreytinga.
- Aðferðum, litum, stíltegundum og uppbyggingaraðferðum sem notaðar eru í blómaskreytingum og hvað hæfir hverju verki.
- Mismunandi gerðum blómaskreytinga s.s. borðskreytinga, útfararskreytinga, brúðarskreytinga og salarskreytinga og þekki hvaða skreytingar hæfa við hvert tækifæri.
- Hvernig útbúa á og vinna eftir skissum og teikningum af skreytingum og sölum og geti leiðbeint öðrum um hvernig unnið er út frá þeim.
- Nauðsyn þess að vinna ávallt af fagmennsku og virðingu við hvert verk.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skoða liti, stíltegundir og uppbyggingaraðferðir sem notaðar eru í blómskreytingum og hæfa hverju verki.
- Hanna og skipuleggja flestar tegundir blómaskreytinga með réttum aðferðum, litum, stíltegundum og uppbyggingu.
- Gera skissur og teikningar af blómaskreytingum og útbúa skreytingar út frá þeim.
- Beita faglegrri gagnrýni og taka að sér sjálfstæð verkefni við mismunandi aðstæður og tilefni.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Lýsa hönnun og gerð flestra gerða blómaskreytinga og blómvanda í helstu grunnstílum og undirstílum, með grunnreglur í blómaskreytingum í huga,metið með rökræðum, rökstuðningi, kynningum og skriflegu prófi.
- Velja og ráðleggja öðrum um skreytingar sem hæfa viðkomandi tilefni, metið með kynningum, rökræðum og rökstuðningi.
- Skipuleggja blómaskreytingar sem falla vel að þeim stíl sem er í umhverfinu hvort sem er innanhúss eða utanhúss eða sem tengjast sögu hönnunar og lista,metið með kynningum, rökræðum, rökstuðningi og skriflegu prófi.
- Taka að sér sjálfstæð blómskreytingaverkefni og tekið þátt í og stjórnað hópavinnu við blómskreytingaverkefni, sem metið er með jafningjamati, sjálfsmati, samviskusemi og samskiptahæfni.
- Sýna viðskiptavininum nærgætni og bera virðingu fyrir óskum hans við hvert tilefni, metið með samskiptahæfni og jafningjamati.
- Sýna frumkvæði, sjálfstæða og skapandi hugsun og sjálfstæð vinnubrögð og vinna af fagmennsku við hvert verk sem metið er með verklagi, vinnuframlagi, samskiptahæfni, ábyrgð, útsjónarsemi og skriflegu prófi.

Námsefni:

Binderi Teknik og námsefni frá kennurum

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	8. jan – 31. jan.	Rifjum upp allt það sem við erum búnar að læra.	Heimaverkefni 1
5 - 8	5.feb - 29.feb	Höldum áfram að skoða fræðin í blómskreytingum.	Heimaverkefni 2
9 - 12	4. mars - 18. mars.	Áfram með smjörrið!!!	Heimaverkefni 3

13 - 16	1. Apríl – 17 . Aprí	Undirbúningur fyrir próf. Próf 17. apríl kl: 12 - 13	Heimaverkefni 4
----------------	-------------------------	---	-----------------

Nemendur þurfa að ná að lágmarki 4.5 í einkunn í bóklega prófinu til að fá heimaverkefnin metin inn í loka einkunn .

Námsmat

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verklegur þáttur	Bóklegt próf	20%
Heimaverkefni	Heimaverkefni 1	20%
Heimaverkefni	Heimaverkefni 2	20%
Heimaverkefni	Heimaverkefni 3	20%
Heimaverkefni	Hugarmappa	20%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir og Valgerður Jóns Guðjónsdóttir